

Fundargerð stofnfundar

Húsnæðissjálfseignarstofnun Brák hses.

Árið 2022, 23. febrúar kl. 12.30 var haldinn stofnfundur húsnæðissjálfseignarstofnunar sem hefur þann tilgang að stuðla að uppbyggingu leiguíbúða á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins með því að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi íbúða og veita þjónustu í almannapágu samkvæmt lögum um almennar íbúðir.

Til stofnfundar voru boðaðir fulltrúar frá 31 sveitarfélagi sem svarað höfðu könnun sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafði sent til sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins og lýst þar áhuga á að gerast stofnaðilar að félaginu. Fundarmenn frá sveitarfélögum eru listaðir upp í viðauka en að auki sátu fundinn starfsmenn frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað og var hann tekinn upp.

Þetta var tekið fyrir:

- Fundarstjórn og fundarritun.** Fundarstjóri var valinn Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins og fundarritari Guðjón Bragason, sviðsstjóri hjá sambandinu.

Fundarstjóri þakkaði fyrir það traust sem honum er sýnt og rakti stuttlega tilefni og markmið fundarins. Að því loknu gaf hann Rún Knútsdóttur lögfræðingi hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun orðið til að fara yfir drög að samþykktum hses.

- Yfirferð yfir drög að samþykktum.**

Rún Knútsdóttir gerði grein fyrir ábendingum sem borist höfðu við drög að samþykktum sem kynnt voru á umræðufundi sem haldinn var til undirbúnings málsins þann 20. janúar 2022. Brugðist hafi verið við þeim ábendingum í uppfærðum drögum að samþykktum sem fylgdu stofnfundarboði. Ein tillaga um frekari breytingu liggir þó fyrir, sem varðar 7. gr. Felur breytingin í sér að þar sem enginn stofnaðili kemur frá Suðurnesjum er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa í fulltrúaráð hses.

Til máls tók Jónas Egilsson, Langanesbyggð. Hann kvaðst ekki hafa athugasemdir við samþykktirnar og þakkaði fyrir vandaðan undirbúning stofnunar en tók fram að sveitarstjórn Langanesbyggðar ætti eftir að samþykkja formlega stofnaðild, málið yrði tekið fyrir 24. febrúar.

- Ákvörðun um nafn stofnunarinnar**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að tillaga hefur komið fram um að félagið hljóti nafnið Brák hses. Í stofnfundarboði var kallað eftir fleiri tillögum að nafni en engar hafa borist fyrir stofnfund.

Ekki komu fram aðrar tillögur og telst tillaga um nafnið Brák samþykkt.

4. Ákvörðun stofnfjár

Lágmarks stofnfé húsnæðissjálfsseignarstofnana er 1.000.000 kr. en í drögum að samþykktum er lagt til að stofnfé verði 50.000 kr. á hvern stofnaðila eða samtals 1.500.000 kr. Í fundarboði var óskað eftir því að tillögur að öðru fyrirkomulagi yrðu sendar fyrir fund. Engar aðrar tillögur hafa borist.

Tillaga um að hver stofnaðili greiði 50.000 kr. stofnfé var samþykkt samhljóða.

5. Staðfesting samþykpta

Þegar niðurstaða lá fyrir um nafn félagsins og stofnfé bar fundarstjóri upp til samþykktar tillögu um staðfestingu samþykpta félagsins.

Samþykktirnar voru samþykktar samhljóða eins og þær lágu fyrir í fundarboði, að teknu til þeirrar breytingar á 7. lið sem kynnt var við umfjöllun í 2. lið.

6. Kosning stjórnar

Í stofnfundarboði var óskað eftir tilnefningum í stjórn hses. 1. Í samþykktum er gert ráð fyrir að stjórnarmenn séu fimm og samkvæmt bráðabirgðaákvæði sinna þeir hlutverki fulltrúráðs fram að því að það er skipað. Óskað var eftir tilnefningum í stjórn fyrir fundinn. Tvær tilnefningar bárust fyrir fundinn, frá Dalabyggð, sem býður fram Kristján Sturluson, og Ísafjarðarbæ, sem býður fram Kristján Svan Kristjánsson. Fundarstjóri fór yfir mikilvægi þess að stjórnin endurspegli vel starfssvæði félagsins en jafnframt þurfi kynjahlutföll að uppfylla ákvæði jafnréttis laga. Lagði hann til að kosningu til stjórnar yrði frestað til framhaldsstofnfundar.

Fjarðabyggð bar fram tillögu um Snorra Styrkársson, Fjallabyggð bauð fram Elías Pétursson og Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit buðu fram Helga Héðinsson, Borgarbyggð bauð fram Þórdísi Sif Sigurðardóttur, Húnaþing vestra bauð fram Ragnheiði Jónu Þórðardóttur. Einnig lýsti Húnavatnshreppur áhuga á að eiga fulltrúa í stjórn.

7. Dagsetning framhaldsstofnfundar

Samþykkt var að framhaldsstofnfundur verði haldinn föstudaginn 4. mars kl. 12.30.

Fyrir þann fund mun liggja frammi tillaga að skipan stjórnar þar sem tekið verði tillit til þeirra tilnefninga sem þegar hafa borist.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.55.

Fundargerð ritaði: Guðjón Bragason

Fylgiskjal: Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar sveitarfélaga:

- Jónas Egilsson, Langanesbyggð
- Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi
- Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð
- Elías Pétursson, Fjallabyggð
- Árni Eiríksson og Eydís Indriðadóttir, Flóahreppi
- Björn Ingimarsson, Múlaþingi
- Birgir Gunnarsson, Ísafjarðarbæ
- Matthildur Ásmundardóttir og Ólöf Ingunn Björnsdóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði
- Kristján Sturluson, Dalabyggð
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmi
- Rebekka Hilmarsdóttir, Vesturbyggð
- Halldóra Hjörleifsdóttir og Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi
- Ólafur Þór Ólafsson, Tálknafjarðarhreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, Sveitarfélaginu Skagafirði
- Árni Hjörleifsson, Skorradalshreppu
- Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Húnaþingi vestra
- Þórdís Sif Sigurðardóttir, Borgarbyggð
- Jón Björn Hákonarson og Snorri Styrkársson, Fjarðabyggð
- Tryggvi Þórhallsson og Helgi Héðinsson, Skútustaðahreppi
- Dagbjört Jónsdóttir, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Arnór Benónýsson, Þingeyjarsveit
- Einar Kristján Jónsson, Húnavatnshreppi
- Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra
- Sylvía Karen Heimisdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
- Sara Elísabet Svansdóttir og Íris Grímsdóttir, Vopnafjarðarhreppi
- Finnur Yngvi Kristinsson, Eyjafjarðarsveit
- Björg Erlingsdóttir, Svalbarðsstrandarhreppi
- Jón Páll Hreinsson og Smári Bergmann Kolbeinsson, Bolungarvík
- Sandra Brá Jóhannesdóttir, Skaftárhreppi
- Steinar Adolfsson, Akranesi

Endanlegur listi um stofnaðila mun liggja fyrir á framhaldsstofnfundi